

Aðalfundur Meiðs 30.maí 2026 kl. 11 haldinn í Skógargerði og rafrænt á Teams

Fundarstjóri Baldur Pálsson og fundarritari Sólrún Víkingisdóttir

Mætt voru á fundinn í Skógargerði: Baldur Pálsson, Helgi Ómar Bragason, Sveinbjörn Dagnýjarson, Dagný Sigurðardóttir, Gísli Skógar Víkingsson, Sigríður Guðmundsdóttir, Hermann Hermannsson, Silja Arnfinnsdóttir, Björn Sveinsson, Sólrún Víkingisdóttir. Á netinu mættu: Björgheiður Margrét Helgasóttir, Þuríður Skarphéðinsdóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Ívar Ásgeirsson og Dagný Maggýjar Gísladóttir.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins fyrir árið 2025 lagðir fram og skýrðir
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Kosning skoðunarmanna reikninga
5. Lagabreytingar
6. Kosning í stjórn og nefndir
7. Ákvörðun félags- og leigugjalda
8. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Formaður, Helgi Ómar Bragason flutti skýrslu stjórnar.

Núverandi stjórn var kjörin til 5 ára á aðalfundi á ættarmótinu s.l. sumar. Kjörin í stjórn á aðalfundi: Helgi Ómar Bragason, Björn Sveinsson, Dagný Gísladóttir, Nína Helgadóttir og Helgi Ómar Pálsson í aðalstjórn en Björgheiður Margrét Helgadóttir, Þórunn Gró Friðjónsdóttir og Þuríður Skarphéðinsdóttir í varastjórn.

Stjórnin hefur fundað þrívísis síðan til skrafs og ráðagerða. Á fyrsta fundi var gengið frá verkaskiptinu innan stjórnar. Helgi Ómar Bragason tók að sér formennsku, Björn Sveinsson starf gjaldkera og Þuríður Skarphéðinsdóttir starf ritara. Jafnframt var á fundinum gengið frá tilfærslu milli aðal- og varastjórnar þannig að Helgi Ómar Pálsson tók sæti í varastjórn en Þuríður hafði sætaskipti við hann og hlammaði sér í sæti aðalstjórnar. Þetta var gert í ljósi þess að eftir ættarmótsfundinn kom í ljós að kjör fulltrúa var ekki í samræmi við samþykktir félagsins en þar er kveðið á um að ekki skuli vera fleiri en 1 fulltrúi frá hverri ættkvísl í stjórn en Helgi Ómar Pálsson og Dagný Gísladóttir eru bæði af ættkvísl frá Huldu Gísladóttur.

Helstu viðfangsefni stjórnar til þessa:

Útleiga hússins: Í vinnslu er að breyta fyrirkomulagi bókana í Húsið. Koma þarf á nýju fyrirkomulagi tímanlega fyrir næsta ár. Athugað verður með rafræna skráningu, auglýstan umsóknarfrest, punktakerfi, yfirlit yfir lausar vikur, gjaldskrá o.sv.frv. Margrét Urður Snorradóttir, sem hefur undanfarið séð um að bókanir í Húsið, verður höfð með í ráðum um nýtt fyrirkomulag. Markmiðið er að hafa bókanakerfið einfalt og aðgengilegt en æskilegt er að auka nýtingu Hússins utan sumarmánaðanna júní, júlí og ágúst.

Grunnur norðan Húss („Tóftin“):

Veggir gamals húsgrunns utan við Húsið eru að hruni komnir og brýnt að ganga þannig frá veggjaleifum að ekki hljóttist slys af. Húsgrunnurinn er undanskilinn í leigusamningi lóðar sem á sínum tíma var gerður við Víking Gíslason. Niðurrif veggja verður því unnið í samráði við börn Víkings. Til stóð að hefja framkvæmdir við niðurrif veggja í byrjun maí en af ýmsum orsökum hefur framkvæmdum verið frestað til haustsins.

Kaup á veislutjaldi og borðum:

Stjórn ákvað að kaupa veislutjald ásamt búnaði því tengdu. Formaður gekk í þetta mál með dyggri aðstoð Björgheiðar (sem sá um samskipti við fyrirtækið) og Björns Sveinssonar. Eftirgrennslan leiddi til kaupa á forláta tjaldi frá fyrirtæki í Danmörk er Dancover nefnist. Tjaldið er 6 metra breitt en hægt að setja það upp í mismunandi lengdum 6, 8, 10, 12 og 14 metra. Minnsta einingin er þannig $6 \times 6 = 36 \text{ m}^2$ en í fullri stærð er tjaldið $6 \times 14 = 84 \text{ m}^2$. Auk tjaldsins voru fest kaup á 16 borðum („bjórborðum“) ásamt tilheyrandi bekkjum. Heildarfjöldi sæta gæti verið 95-125 eftir „botnbreiddum“ gesta. Kostnaður við þessi kaup er um 770 þús.kr. án flutningskostnaðar og tilfallandi gjalda. Ætlunin er að kaupin verði fjármögnuð með hagnaði af síðustu tveim ættarmótum og framlagi velunnara félagsins.

Tilgangurinn með kaupunum er að skapa vettvang og umgjörð fyrir veisluglaða Skóggerðinga vegna ýmissa tilefna svo sem brúðkaupa, afmælis- og fermingarveislna. Einnig er hægt að hugsa sér minni mót ættkvísla eða annarra afmarkaðra hópa innan ættarinnar.

Ef vel tekst til má síðar skoða hvort bæta eigi við öðru tjaldi svo hýsa megi næsta ættarmót. Veislutjaldið á vonandi eftir að auka aðdráttarafl Skógargerðis og bæta nýtingu Hússins. Tjaldið verður leigt út og skapar þannig félaginu tekjur. Ef þessi tilraun mistekst ætti að vera auðvelt að selja tjaldið.

Hús og lóð:

Slökkvitæki í Húsinu hafa verið yfirfarin í vetur og sá Baldur Pálsson um það.

Músagangur hefur verið þrálátur í Húsinu undanfarna vetur og hefur inngönguleiðum þeirra ákaft verið leitað án árangurs. Í músastríðinu mikla eru hergögnin hátíðnihögnar, músahótel og felligildir.

Runnar á lóð voru klipptir niður í apríl og sá Gísli Sigurgeirsson um það. Felldi einnig nokkrar aspir.

Hefðbundinn tiltektardagur féll niður á þessu vori en Hermann Hermannsson og Sigríður Guðmundsdóttir hafa undanfarna daga tekið til í Húsinu, þrifið og viðrað það sem viðra þarf.

Nefndir:

Ættarmótsnefnd: Ættarmótið 2025 þótti takast vel og aðsókn góð (yfir 200 manns mættu). Mótsnefnd eru færðar þakkir fyrir gott skipulag og óeigingjarnt vinnuframlag. Nefndina skipuðu valkyrjurnar þrjár; þær Sólrún Víkingsdóttir, Þuríður Skarphéðinsdóttir og Björgheiður Margrét Helgadóttir. Sólrún mætti á fund stjórnar gerði grein fyrir skýrslu um framkvæmd mótsins og hvað mætti gera betur varðandi undirbúning næsta móts.

Nefnd um Skógargerðisbók: Á ættarmóti Skógargerðisættarinnar á síðasta ári, var ákveðið að skipa nefnd til að huga að framhaldi Skógargerðisbókar og því hvernig efla mætti upplýsingamiðlun um ættina meðal Skógargerðisfólks. Nefndina skipa: Erna Indriðadóttir, Gísli Sigurgeirsson, Guðrún Gylfadóttir og Örnólfur Thorsson.

Nefndin hefur fundað og meðal þess sem fundurinn lagði til var að efla heimsíðuna skógargerði.is og gera Skógargerðisbók að hljóðbók. Einnig að leita eftir gömlu myndefni til að miðla. Sjá annars frétt af fundinum á skógargerði.is.

Trjágarðsnefnd: Á aðalfundi 2024 voru eftirtalin tilnefnd í nefnd um framkvæmdir á lóð; Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir, Silja Þórunn Arnfinnsdóttir, Sólrún Víkingsdóttir og Baldur Pálsson. Nefndarstörf sögð fara rólega af stað.

Húsnefnd: Samkvæmt fundargerð aðalfundar 2024 er húsnefnd skipuð þeim Dagnýju Sigurðardóttur og Birni Sveinssyni.

Ritnefnd: Vantar upplýsingar en hlutverk nefndarinnar getur fallið undir nefnd um Skógargerðisbók.

Helstu verkefni framundan:

- Ganga frá húsgrunni utan Hússins og lagfæra umhverfið.
- Ljúka endurnýjun glerja í gluggum kjallara og 1. hæðar Hússins.
- Setja upp skráningarkerfi vegna útleigu Hússins. Auka nýtingu Hússins og auka þannig hlut leigutekna í rekstrarkostnaði.
- Efla upplýsingamiðlun: Nýta heimsíðuna betur. Kynna tilgang og starf félagsins. Safna netföngum fyrir póstlista m.a. til að geta sent út fréttabréf og tilkynningar
- Fjölga greiðandi félögum einkum meðal yngra fólks.
Útbúa félagatal og endurskoða útsendingu greiðsluseðla í banka.

2. Reikningar félagsins fyrir árið 2025 lagðir fram og skýrðir

Reikningar félagsins eru samþykktir möglunarlaust.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Umræður: Spurt um veislutjald. Málin verða að þróast varðandi hver hefur umsjón með veislutjaldi og búnaði, segir Helgi Ómar Bragason. Sólrún gaukar því að, að huga þurfi að geymslu á þessum búnaði og staðarhaldarar jarðarinnar eigi nóg af drasli og séu ekki hrifnir af því að dót Meiðs sé sett inn í hlöðu eða skemmu. Ekki er komið á hreint hver leiga verður á tjaldinu segir Helgi Ómar.

„Blómgarðsnefndin“ hefur ekki verið að standa sig segir Sólrún vill fela stjórn málið.

Ritnefnd: Ekkert heyrst frá henni. En upprunalega stofnuð af Indriða Gíslasyni og var meiningin að miðla fróðleik og ljóðum á síðuna Skógargerði.is.

4. Kosning skoðunarmanna reikninga

Núverandi skoðunarmenn reikninga eru samþykktir áfram, sem eru Ívar Ásgeirson og Helgi Gíslason.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar núna. Fram kom að brýnt er að yfirfara þarf samþykktir félagsins og leggja vel kynntar breytingartillögur fyrir aðalfund ekki seinna en á næsta ættarmóti.

6. Kosning í stjórn og nefndir.

Breytingar á stjórn eru samþykktar (sjá skýrslu stjórnar).

Húsnefnd: Ragnhildur Rós segist vera tilbúin að vera í Húsnefnd.

Margrét Urður hefur tekið við af Dagnýju Sigurðardóttur í Húsnefnd svo tillagan er að í Húsnefnd verði Björns Sveinsson, Ragnhildur Rós, Margrét Urður og Helgi Ómar Bragason. Það er samþykkt.

7. Ákvörðun félags- og leigugjalda

Ákveðið að hafa leigugjald hið sama áfram og einnig félagsgjöld.

8. Önnur mál.

Helgi Ómar setur fram þá tillögu að þeir sem orðnir eru áttæðir (og greiða félagsgjöld) verði gerðir heiðursborgarar og þurfi því ekki að borga lengur félagsgjald. Margir telja að þessir samviskusömu félagar vilji borga og því eigi að leyfa þeim það. Björn bendir á að þetta séu i raun hollvinasamtök.

Hugmynd viðruð um „Heiðursfélagaklúbb Meiðs“ þar sem meðlimir fá skjal til staðfestingar. Þeirri hugmynd er vísa til stjórnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið